

Skilmáli B6 um samskipti milli aðila
á raforkumarkaði með grunn-,
mæli-, og uppgjörsgögn,
útgáfa nr. 3.0.

Skilmáli B7 um mæligögn,
notkunarferil og
notkunarferilsuppgjör
útgáfa nr. 3.0

Viðbrögð Landsnets við umsögnum við
skilmála B6 og B7.

Desember
2020

Efnisyfirlit

0.	INNGANGUR OG FLOKKUN ATHUGASEMDA	3
0.1	Inngangur	3
0.2	Fjöldi umsagna	3
0.3	Flokkun athugasemda	3
1.	UMSAGNIR VIÐ SKILMÁLA B6 UM SAMSKIPTI MILLI AÐILA Á RAFORKUMARKAÐI MEÐ GRUNN-, MÆLI-, OG UPPGJÖRSGÖGN.	4
1.1	Skilgreiningar, grein 2	4
1.1.1	Athugasemdir við skilgreiningar í grein 2	4
1.2	Forsendur, grein 3	5
1.2.1	Athugasemdir við forsendur í grein 3	5
1.3	Skyldur og ábyrgð sölufyrirtækja, grein 5	5
1.3.1	Athugasemdir við skyldur og ábyrgð sölufyrirtækja í grein 5	5
1.4	Söluaðili til þrautavara, grein 11	7
1.4.1	Athugasemdir við forsendur í grein 3	7
1.5	Álestur, grein 12	7
1.5.1	Athugasemdir við álestri í grein 12	7
1.6	Nýr notkunarstaður veitna, grein 13	8
1.6.1	Athugasemdir við álestri í grein 12	8

0. Inngangur og flokkun athugasemda

0.1 Inngangur

Unnið hefur verið að þriðju útgáfu af skilmála B6 um samskipti milli aðila á raforkumarkaði með grunn-, mæli-, og uppgjörsöggn. Netmálinn fjallar t.d. um samskipti með gögn varðandi nýjan notkunarstað neytenda, skipti neytenda á sölufyrirtæki og notendaskipti.

Auknar áherslur hafa verið á neytendavernd og að efla samkeppni á raforkumarkaði með hagsmuni neytenda að leiðarljósi. Í desember 2019 var gefin út ný reglugerð nr.

1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar til að ná fram þeim áherslum. Er þar um að ræða uppfærslu á reglugerð nr. 1050/2004 með sama heiti. Skilmáli Landsnets B6 endurspeglar og útfærir reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar. Með skilmálabreytingunni er verið að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar. Litlar breytingar þurfti einnig að gera á skilmála B7 um mæligögn, notkunarferil og notkunarferilsuppgjör.

Drög að skilmála B6 voru kynnt fulltrúum viðskiptamannaráðs Landsnets þann 29. október 2020 með kynningu á þörfinni og helstu breytingum. og leitað var eftir umsögnum á tímabilinu 21. október til 9. nóvember 2020. Alls bárust þrjú erindi. Engar sértækar athugasemdir komu varðandi uppfærslu á skilmála B7 og verða engar breytingar gerðar frá drögum sem voru afhent.

Athugasemdir hafa verið flokkaðar eftir viðfangsefnum. Efnistöð eru í einhverjum tilfellum sambærileg og því er unnt að draga eða flokka saman athugasemdir eftir viðfangsefnum og gera grein fyrir helstu viðbrögðum Landsnets við þeim.

0.2 Fjöldi umsagna

Tafla 1: Yfirlit yfir umsagnir

01	Orka heimilanna
02	Orkusalan
03	Orka Náttúrunnar

0.3 Flokkun athugasemda

Athugasemdir hafa verið flokkaðar eftir eftirfarandi þeim greinum skilmála B6 sem þær beinast að. Athugasemdir beindust einkum að greinum 2, 5, 11, 12 og 13.

Skilmáli

- Skilgreiningar, grein 2
- Forsendur, grein 3
- Skyldur og ábyrgð sölufyrirtækja, grein 5
- Söluaðili til þrautavara, grein 11
- Álestur, grein 12
- Riftun orkusölusamnings, grein 13

Í köflunum hér á eftir er gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem bárust. Framsetning þeirra er þannig að viðkomandi athugasemd er birt, hún skyggð og merkt þeim sem hún tilheyrir, sjá eftirfarandi dæmi:

Óskað er eftir því að það sé skýrt hvers vegna slíkar kröfur eru settar. [01]

Ef fleiri sambærilegar athugasemdir bárust eru númer þeirra birt t.d. [01], [03], [05] og [07]. Með þessari framsetningu er áherslan lögð á viðbrögðin en einnig á að vera auðvelt fyrir þá sem sendu inn athugasemdir að finna viðbrögð við þeim.

1. Umsagnir við skilmála B6 um samskipti milli aðila á raforkumarkaði með grunn-, mæli-, og uppgjörsöggn.

1.1 Skilgreiningar, grein 2

Hér verður vikið að athugasemdum sem snúa að kafla 2 í skilmálanum.

1.1.1 Athugasemdir við skilgreiningar í grein 2

Athugasemd [01] snýr að grein 2.4.

Nú er það í anda raforkulaga og reglugerða að allir raforkukaupendur velji sér söluaðila og geri við hann samning. Við breytingar á reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar fórnaði Ráðuneytið réttindum neytenda þar sem tími raforkunotenda til að velja sér söluaðila fór úr 30 dögum í 2. Þetta hefur augljósa ókosti og kostnað í för með sér fyrir alla aðila, þar sem stór hluti af þeim sem velja sér söluaðila gera það of seint. Þá verða auka söluaðilaskipti rúmum mánuði seinna með auka álestri, uppgjöri og vinnu fyrir alla aðila á markaði. Við fögnum því að biðtíminn sé lengdur og teljum jafnframt að lengja mætti þennan tíma enn meira. En útgangspunktur er ávallt sá að raforkunotendur velji sér sjálfir raforkusala.

Viðbrögð:

Sjö daga svigrúm til að velja raforkusala ætti að gefa viðskiptavin hæfilegt svigrúm til að velja sér raforkusala. Eftir 7 daga hefur þessi aðili alltaf möguleika á að velja sér nýjan raforkusala eftir þeim reglum sem þar gilda um. Of langur biðtími getur valdið því að sölufyrirtæki fá ekki upplýsingar um aðila sem eru að koma í sölu til þeirra fyrir en í lok biðtíma og geta því ekki gert ráðstafanir hvað varðar orkuinnkaup. Skilgreindur biðtími býr til allt að 7 daga töf á því að þessar upplýsingar berist.

Athugasemd [01] snýr að grein 2.19.

Við mótmælum því að allir sem eru skráðir með sína raforkunotkun hjá einu sölufyrirtæki séu skilgreindir sem samningsbundnir, óháð því hvort þeir hafi raunverulega gert skriflegan samning við viðskiptavini sína eins og lög og reglugerðir kveða á um. Slík skilgreining fer gegn lögum og reglugerð og það er ekki hægt að skrifa inn í netmála reglur sem stangast á við reglugerð. Ef það er gert verður netmálinn ógildur en samkvæmt reglugerð nr. 1150, 4. og 7. gr. er fjallað skýrt um skyldur söluaðila til að gera raforkusölusamning við viðskiptavini sína. Skilda til að gera samning við viðskiptavini hefur verið í gildi frá 2005 og það er með öllu ótækt að netmálar og vinnureglur Landsnets hvetji til lögbrota. Öllum þeim sem ekki hafa samning við raforkusölufyrirtæki ber að gera samning þegar notandi tekur við veitu. Þannig geta þeir sem hafa verið settir í viðskipti við sölufyrirtæki án samnings og án samþykkis ekki talist samningsbundnir raforkusölufyrirtæki. Varðandi það að notandi sé með virkan samning við sölufyrirtæki innan síðastliðinna 24 mánaða í stað 12 mánaða eins og það er nú, þá er það í lagi ef staðfest er að notandi hafi gert samning við raforkusölufyrirtæki.

Viðbrögð:

Hér er réttilega vísað til þess að í reglugerð nr. 1150/2019 sé kveðið á um skyldur viðskiptavina til að gera raforkusölusamning við sölufyrirtæki. Hins vegar kemur fram sá misskilningur að eftirlit með þessum þætti liggja eða eigi að liggja hjá dreifiveitum og þá eftir atvikum í gegnum Netorku. Dreifiveiturnar hafa í þessu sambandi bent á að óeðlilegt er að þeim sé falið eftirlit með aðilum á markaði enda ljóst að það liggur hjá Orkustofnun annars vegar en Samkeppniseftirlitinu hins vegar. Á þetta hafa bæði Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Orkustofnun fallist enda ekki þekkt dæmi um að fyrirtækjum sé falið slíkt opinbert eftirlit með öðrum fyrirtækjum. Eins og áður segir bera sölufyrirtækin ábyrgðina á að gerðir séu samningar og vilji þau kalla eftir skilgreindu eftirliti með þessum

Þætti gagnvart sér er eðlilegt að það samtal eigi sér stað við opinbera eftirlitsaðilann en ekki fyrirtæki í dreifingu. Það er því sérkennileg nálgun að halda því fram að skilmáli B6 hvetji til lögbrota og stenst ekki skoðun sbr. ofanritað. Í skilmála B6 er gengið út frá því að sölufyrirtækin uppfylli reglugerðina hvað þetta varðar.

Vert er að benda á að Orkustofnun hefur skilgreint hámarks tíma í grein 2.19. Í stað skilgreindra „24 mánaða“ í texta komi inn „90 daga“.

Athugasemd [01] snýr að grein 2.29.

Við fögnum styttingu á uppsagnafresti raforkukaupenda sem eru að skipta um söluaðila. Við teljum að þessir 7 dagar hafi ekki mikil áhrif þar sem raunveruleg söluaðilaskipti fara ávallt fram um mánaðarmót.

Viðbrögð:

Stytting á mögulegum söluaðilaskiptatíma er annaðhvort 0 dagar eða heill mánuður skv. reglugerð og háð því hvenær söluaðilaskiptin eru send inn. Þessi athugasemd á ekki við um innihald skilmála B6 sérstaklega þar sem þetta er skilgreint í reglugerð og skilmáli B6 endurspeglar hana.

Athugasemd [03] snýr að grein 2.29.

Skynsamlegt væri að hafa fasta dagsetningu á tilkynningu frá söluaðila t.d. 10. hvers mánaðar. Breytilegar dagsetningar valda töluverðum óþægindum fyrir sölufyrirtæki og notendur þar sem um mismunandi dagsetningar væri að ræða á söluaðilaskiptum milli mánaða.

Viðbrögð:

Hægt er að taka undir þetta sjónarmið en þriggja vikna fresturinn er skilgreindur í reglugerð 1150/2019 og ef á að breyta þessu, þá þarf að breyta reglugerðinni.

1.2 Forsendur, grein 3

1.2.1 Athugasemdir við forsendur í grein 3

Athugasemd [01] snýr að grein 3.3

Í dag er það þannig að upplýsingar frá dreifiveitum eru algildar. Ef munur er á upplýsingum söluaðila og dreifiveitu gilda ávallt þær upplýsingar sem dreifiveitan er með skráðar. Eðlilegast væri að Netorka hafi þessar upplýsingar aðgengilegar á lokuðu svæði þar sem dreifiveitur og sölufyrirtæki geta skoðað hvernig veitur eru skráðar.

Viðbrögð:

Netorka mun opna slíkan uppflettiaðgang fyrir sölufyrirtæki vegna sinna viðskiptavina.

1.3 Skyldur og ábyrgð sölufyrirtækja, grein 5

1.3.1 Athugasemdir við skyldur og ábyrgð sölufyrirtækja í grein 5

Athugasemd [01] snýr að grein 5.1

Varðandi tilkynningu söluaðila á raforkusölusamning til dreifiveitu, þarf það að vera skýrara. Í dag er það gert með söluaðilaskiptaskeyti eða notendaskiptaskeyti til Netorku. Það er svo ályktað að ef söluþyriræki sendir frá sér slík skeyti þá hafi það gert samning við raforkukaupanda. Þetta er svo, þrátt fyrir að allir viti að fæst raforkusöluþyriræki hafi gert samning við sína viðskiptavini. Aðilar á markaði hafa kosið að líta fram hjá þessu. Í netmálanum þarf að taka á því hvernig eftirliti á hvort söluþyriræki sé raunverulega með sölusamning við notanda sé háttáð.

Viðbrögð:

Sjá svar við athugasemd við grein 2.19

Athugasemd [03] snýr að grein 5.1

Lagt er til að notendur samþykki með rafrænum hætti/skilríkjum. Annars er hættu á því að hægt sé að flytja notendur yfir til annars söluaðila án vitundar þeirra.

Viðbrögð:

Í reglugerð 1150/2019 7.gr, 4.mgr stendur eftirfarandi:

„Heimilt skal að raforkusölusamningur sé gerður á rafrænu formi og þar með talið í gegnum vefsíðu viðkomandi söluþyrirækis.“

Því er þetta útfærsla sem söluþyrirækin þurfa að ákveða í samráði við Orkustofnun og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið þar sem samþykktarferlið þarf að eiga sér stað sem hluti af verkferlum söluþyrirækjanna.

Athugasemd [01] snýr að grein 5.2

Eins og segir í grein 3.3 þá er ekkert mál að tilkynna breytingar á grunngögnum. En dreifiveitur hafa ekki sýnt því áhuga að fá slíkar upplýsingar frá söluþyrirækjum. Ef þetta á að vera regla þá þarf að fjalla nánar um þann farveg sem slíkar tilkynningar fara í.

Viðbrögð:

Þessi liður verður felldur út.

Athugasemd [01] snýr að grein 5.2 (áður grein 5.3)

Riftun sölusamninga fer fram með þeim hætti að raforkukaupandi gerir samning við nýjan raforkusala og þegar nýr raforkusöluaðili tekur veitu í viðskipti verður til skeyti sem fer til fráfarandi raforkusala um riftun. Dreifiveitan fær líka skeyti um að það þurfi að lesa af vegna söluaðilaskipta.

Ef það er verið að tala um að söluþyriræki rifti einhliða raforkusölusamningi við viðskiptavin og hætti að útvega honum orku, þá þarf að vera nánar um það fjallað hvernig slík riftun fer fram.

Viðbrögð:

Verið er að fjalla um einhliða riftun á sölusamningi., sbr. 1150/2019 12. gr.

Fella þarf út næst síðasta orðið í grein 5.2 (áður grein 5.3), „þjónustuaðila“.

Um einhliða riftun söluþyrirækis þurfa Orkustofnun og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að fjalla. Ekki liggur fyrir verklag sem fylgja skal í tilfellum sem þessum.

1.4 Söluaðili til þrautavara, grein 11

1.4.1 Athugasemdir við forsendur í grein 3

Athugasemd [02] snýr almennt að því hvernig vali á söluaðila til þrautavara er háttað.

Talið er ljóst að með því fyrirkomulagi sem virðist nú lagt upp með, og lýst hefur verið hér að framan, með svokölluðum söluaðila til þrautavara sem valinn er af Orkustofnun, sé í reynd verið að færa tiltekinn hóp viðskiptavina, sem margir hverjir eru nú þegar í viðskiptum við söluþyriræki á markaðnum, sjálfkrafa í viðskipti við annað söluþyriræki á markaðnum ásamt því að nýir notendur verða framvegis allir skráðir í viðskipti hjá viðkomandi aðila hafi þeir ekki valið sér söluaðila innan tilskilins biðtíma. Með þessum aðgerðum sé þannig í reynd verið að ráðstafa takmörkuðum gæðum og yfirfæra önnur til tiltekins lögaðila umfram aðra söluaðila sem starfa á markaðnum án fullnægjandi lagaheimildar.

Slíkt inngríp inn í rekstur söluþyrirækja á samkeppnismarkaði og það fyrirkomulag sem lagt hefur verið upp með af hálfu Landsnets og Orkustofnunar með þeim hætti sem að framan hefur verið lýst, og gert er í öllum verulegum atriðum athugasemd við, felur ljóslega í sér að verið er að veita einu söluþyriræki á markaðnum verulegt samkeppnisforskot umfram önnur fyrirtæki sem þar starfa. Slík aðgerð sé til þess fallin að raska samkeppni með umtalsverðum hætti og sé öðrum söluaðilum til tjóns. Svo verulega íþyngjandi aðgerðir sem hér um ræði með tilvísun til reglugerðarheimildar skorti viðhlítandi lagastoð og aðgerðirnar séu þar af leiðandi ólögætar.

Viðbrögð:

Í umsögninni er gerð athugasemd við það hvernig vali á söluaðila til þrautavara er háttað, sbr. 5. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1150/2019 5. Skilmáli B6 útfærir þær reglur sem þar koma fram og því beinast þessar athugasemdir í raun að reglugerðinni sjálfri. Í skilmála B6 er ekki hægt að skilgreina verkferla sem stangast á við reglugerðina.

1.5 Álestur, grein 12

1.5.1 Athugasemdir við álestri í grein 12

Athugasemd [01] snýr að grein 12.4

Í þessari grein kemur fram að dreifiveitu sé heimilt að taka við álestri frá notanda. Í reglugerð nr. 1150/2019, 7. gr. er fjallað um rétt almennra notenda á að setja inn álestur að lágmarki á 4 vikna fresti. Þannig er dreifiveitu ekki bara heimilt að taka við álestri heldur er henni skylt að taka við álestri.

Viðbrögð:

Í reglugerð 1150/2019 7.mgr, 7.gr kemur fram að almennur notandi geti sent inn álestur og óskað eftir breytingu á áætlun að ákveðnum gefnum forsendum, en ekki er kveðið á um skyldu dreifiveitu að taka við álestrinum.

Í kafla 12.4 í skilmála B6 er kveðið á um að dreifiveitum sé heimilt að taka við þessum álestri og er það í samræmi við reglugerðina.

Kafli 12.4 í skilmála B6 fjallar um fleiri álestrartilfelli en þau sem tengjast breytingu á áætlun.

1.6 Nýr notkunarstaður veitna, grein 13

1.6.1 Athugasemdir við nýjum notkunarstað veitna í grein 12

Athugasemd [01] snýr almennt að kafla 12

Í þessum kafla vantar nánari umfjöllun um það sem gerist þegar sölufyrirtæki hættir að selja viðkomandi aðila rafmagn og ekkert sölufyrirtæki er til staðar til að taka við. Á dreifiveita að loka fyrir rafmagn, taka viðkomandi í söluviðskipti eða setja hann á söluaðila til þrautavara? Svo hvað gerist ef söluaðili til þrautavara tekur ekki viðkomandi í viðskipti?

Viðbrögð:

Um riftun sölufyrirtækis þurfa Orkustofnun og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að fjalla. Ekki liggur fyrir verklag sem fylgja skal í tilfellum sem þessum.

Í kafla 13.4 í skilmála B6 kemur fram að: „Berist þjónustuaðila dreifiveitu ekki Z03LK skeyti um nýjan sölusamning fyrir mælistað frá sölufyrirtæki skal úthluta notandanum sölufyrirtæki til þrautavara sbr. 11. grein skilmála þessa“.

Söluaðili til þrautavara undirgengst ákveðnar skyldur skv. samningi hans og Orkustofnunar. Spurning hvort þær skyldur feli í sér að hann taki við sölu í þessum tilfellum.